

## REGLUR

### um greiðslu mæðra- og feðralauna skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

#### Greiðslur til maka elli- eða örorkulífeyrisþega.

##### 1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að fenginni umsókn að greiða mæðra- eða feðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega þegar bætur hafa fallið niður vegna sjúkráhusvistar eða dvalar á stofnun. Sama gildir um sambúðarfólk, sbr. 44. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

##### 2. gr.

Skilyrði greiðslna skv. 1. gr. er að maki lífeyrisþega hafi tvö börn eða fleiri yngri en 18 ára á framfæri sínu.

##### 3. gr.

Upphaf greiðslna miðast við byrjun þess mánaðar sem lífeyrisgreiðslur falla niður. Greiðslur skulu stöðvast í lok þess mánaðar sem lífeyrisgreiðslur hefjast að nýju.

#### Greiðslur til maka einstaklinga sem sæta gæsluvist eða afplána fangelsisrefsingu.

##### 4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að fenginni umsókn að greiða maka einstaklings sem sætir gæsluvist eða afplánar fangelsisrefsingu mæðra- eða feðralaun hafi umsækjandi tvö börn eða fleiri yngri en 18 ára á framfæri sínu. Sama gildir um sambúðarfólk, sbr. 44. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

##### 5. gr.

Skilyrði greiðslna skv. 4. gr. er að vistin hafi varað a.m.k. þrjá mánuði samfelldt og er Tryggingastofnun heimilt að krefjast gagna þar um.

##### 6. gr.

Upphaf greiðslna miðast við byrjun næsta mánaðar eftir að gæsluvist eða afplánun hefst. Greiðslur skulu í upphafi aðeins ákvarðaðar til helmingss þess tíma sem kveðið er á um í dómi en skulu eftir atvikum framlengjast þar til afplánun lýkur.

##### 7. gr.

Reglur þessar eru staðfestar af tryggingaráði þann 3. desember 1999 og taka þegar gildi.

*Tryggingastofnun ríkisins, 3. desember 1999.*

**Bolli Héðinsson.**

*Karl Steinar Guðnason.*